

## SAMÞYKKT

### um fráveitu á Keflavíkurflugvelli.

#### I. KAFLI

##### Um fráveitur.

###### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu á A-svæði Keflavíkurflugvallar. Jafnframt gilda ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur á fráveitum og ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Isavia ohf. vegna Keflavíkurflugvallar fer með heimildir og skyldur sveitarfélags á flugvallarsvæðinu samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og er félaginu heimilt að innheimta gjöld samkvæmt lögnum, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, ásamt lögum nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélagsanna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar.

###### 2. gr.

Skrifstofa yfirstjórnar Isavia ohf. á Keflavíkurflugvelli í umboði stjórnar Isavia ohf., fer með stjórn fráveitumála á Keflavíkurflugvelli og ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna á A-svæði Keflavíkurflugvallar í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Isavia ohf. starfrækir fráveitu á Keflavíkurflugvelli. Rekstur fráveitu á Keflavíkurflugvelli og framkvæmdir eru kostaðar af eigin tekjum af fráveitu- og rotþróagjöldum eða lántökum eftir því sem stjórn Isavia ohf. ákveður í fjárhagsáætlun á hverjum tíma.

Skrifstofa yfirstjórnar Isavia ohf. annast rekstur veitukerfa Fráveitu Keflavíkurflugvallar.

###### 3. gr.

Fráveita Keflavíkurflugvallar á allar fráveitulagnir innan flugvallarsvæðis A að undanskildum fráveitulögnum húseigna, þ.m.t. skólplagnir, ofanvatnslagnir, stofnlagnir og útrásir, alla brunna, dælubrunna, hverfisrotþrær, dælustöðvar, þrýstilagnir, hreinsistöðvar og búnað þeim tengdum.

Fráveita Keflavíkurflugvallar veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, skólp frá gripahúsum, ofanvatn, kælivatn, ræsisvatn, frárennslisvatn hitaveitu o.fl. um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Fráveita Keflavíkurflugvallar getur samið við önnur sveitarfélög um viðtöku og hreinsun skólps frá fráveitunni, í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

###### 4. gr.

Húseigandi á fráveitulagnir frá húseign sinni og heimæð að tengingu við fráveitu á Keflavíkurflugvelli.

Þegar reist er nýtt iðnaðar- eða atvinnuhúsnæði skal aðgreina fráveitulagnir húss og koma viðeigandi mengunarvarnabúnaði fyrir þar sem hans er þörf en að öðrum kosti gera ráð fyrir honum ef hans kann síðar að verða þörf. Sama gildir um gripahús.

Þar sem þvottaplön eða búnaður, sem valdið getur mengun í fráveitu, er staðsettur á iðnaðar- eða atvinnulóðum skal gera ráð fyrir viðeigandi mengunarvörnum á fráveitu.

Þar sem aðstæður og byggingarskilmálar leyfa má ofanvatn frá húseignum og lóðum þeirra fara í til þess gerðar grjótpær í jörðu á lóðum viðkomandi húseigna. Samþykki byggingarfulltrúa þarf fyrir slíkum útfærslum.

Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda húsaskólpi, iðnaðarskólpi eða skólpi frá gripahúsum aðskildu frá ofanvatni, kælivatni, ræsisvatni og bakrennslisvatni hitaveitu.

## 5. gr.

Á yfirráðasvæði Fráveitu Keflavíkurflugvallar skal húseigendum séð fyrir heimæðum fyrir frárennsli að lóðamörkum húseigna sinna, enda greiði þeir sérstaklega fyrir þær. Þar sem fráveita liggur um lóðir húseiganda skal þeim séð fyrir tengigreinum fyrir frárennsli.

Á nýbyggingasvæðum ákveður skrifstofa yfirstjórnar Isavia ohf. í samvinnu við Fráveitu Keflavíkurflugvallar, legu fráveitulagna og fráveituheimæða.

## 6. gr.

Eigendum húseigna við vegi eða opin svæði þar sem fráveita liggur um er skylt að annast lagningu heimæðar á eigin kostnað frá húseignum sínum og tengja þær fráveitu. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeirri hæðarsetningu sem stjórn Isavia ohf. tilgreinir. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

## 7. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á frárennsli húseignar að fráveitu á Keflavíkurflugvelli skal húseigandi á eigin kostnað leiða fráveituvatn frá húseign að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði, sem veitir frárennsli frá safnbrunni að fráveitulögnum Keflavíkurflugvallar.

Umsóknir um slíka útfærslu skal senda byggingarfulltrúa. Umsóknum skulu fylgja sérteikningar sem sýna útfærslur og staðsetningar.

Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveituheimæð húseignar sinnar við fráveitu, eftir að hún hefur verið lögð.

## 8. gr.

Þar sem fráveita á Keflavíkurflugvelli nær ekki til skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseign í safntank eða um rotþró og siturleiðslur til viðtaka. Rotþró, safntankur og lagnir þessu tengdar eru eign húseiganda, sem kostar niðursetningu og annan frágang svo og allt viðhald, en stjórn Isavia ohf. getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar.

Umsókn um rotþró eða safntank skal senda byggingarfulltrúa.

Umsókn um rotþró skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð hennar og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka, auk fráveitulagna húss og lóðar. Sérteikningar skulu hafa hlotið samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni vegna hreinsunar.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar. Hreinsun fer fram á vegum Fráveitu Keflavíkurflugvallar og skal Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

## 9. gr.

Þegar tengja skal fráveituheimæðar húseignar við fráveitulagnir Keflavíkurflugvallar skal sækja um það til byggingarfulltrúa á þar til gerðum eyðublöðum.

Umsókn skal undirrituð af húseiganda eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsókn skulu fylgja sérteikningar af fráveitulögnum húss og lóðar og gerð skal grein fyrir tengingu þeirra við fráveituna.

## 10. gr.

Við gerð sérteikninga skal fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna og nauðsynlegs mengunarvarnabúnaðar, sbr. byggingarreglugerð, byggingarskilmála og samþykkt þessa. Allt efni og öll vinna skal standast gæðakröfur eins og þær eru á hverjum tíma. Á afstöðumynd skal sýna staðsetningu fráveitulagna, mengunarvarnabúnaðar og tengingu fráveituheimæða við fráveituna sbr. 13. gr.

## 11. gr.

Byggingarfulltrúi hefur eftirlit með að fráveitulagnir húseigna og fráveituheimæðar frá húseignum séu lagðar eins og samþykktar sérteikningar segja til um. Eins hefur byggingarfulltrúi eftirlit með að nauðsynlegur mengunarvarnabúnaður sé eins gerður og samþykktar sérteikningar segja til um.

Ekki má hylja fráveitulagnir og fráveituheimæð húseignar í húsgrunni og á lóð né tengingar þeirra við fráveitu á Keflavíkurflugvelli, rotþró eða safntank fyrir en byggingarfulltrúi hefur tekið lagnir út og veitt samþykki sitt fyrir þeim. Sömu ákvæði gilda um mengunarvarnabúnað.

## 12. gr.

Eigendum húseigna er skylt að hlíta því að fráveita sé lögð um lóðir þeirra eða lönd og að fram fari á henni nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Fráveitu Keflavíkurflugvallar er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## II. KAFLI

**Mengunarvarnir á fráveitu.**

## 13. gr.

Byggingarfulltrúi samþykkir tengingu fráveituheimæðar húseignar við fráveitulagnir Keflavíkurflugvallar. Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar sérteikningar sem sýna fráveituheimæðar, fráveitulagnir í húsgrunni og lóð, útfærslu og eftir atvikum gerð og staðsetningu mengunarvarnabúnaðar.

Húseigendum er skylt að halda fráveitulögnum og fráveituheimæðum húseigna sinna vel við sem og mengunarvarnabúnaði þeim tengdum. Gæta skal þess að fráveitulagnir og mengunarvarnabúnaður stíflist ekki og stuðla skal að fullri virkni alls mengunarvarnabúnaðar.

Um mengunarvarnir og búnað þeim tengdum fer samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerða settra samkvæmt þeim og starfsleyfa þar sem það á við. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja metur hvenær þörf er á mengunarvarnabúnaði og hefur eftirlit með að slíkum búnaði sé reglulega við haldið og getur gert kröfur til einstakra húseiganda eða rekstraraðila þar um.

## 14. gr.

Óheimilt er að láta í fráveitu hvers kyns spilliefni, svo sem olíur, bensín, hættulegan efnaúrgang, lífræn leysiefni, eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins.

Iðnaðarskólpi sem veitt er í fráveitu á Keflavíkurflugvelli skal forhreinsað til að tryggja eðlilegan rekstur fráveitunnar og til að tilskilin markmið reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólpl náist, sbr. C-lið í I. viðauka við reglugerðina.

Fyrirtæki og stofnanir með mjög próteinríkt eða fituríkt fráveituvatn, s.s. fiskvinnslur, veitingahús og fyrirtæki í matvælaíðnaði eða matvælavinnslu skulu hafa viðeigandi mengunarvarnabúnað á fráveitu í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar.

Bensínstöðvar, bílaþvottastöðvar, bílgreinafyrirtæki, vélaverkstæði og önnur atvinnustarfsemi þar sem hætta getur verið á að olía eða leysiefni berist í fráveitu skulu hafa viðeigandi mengunarvarnabúnað á fráveitu í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar.

Sandgildirur skulu vera við þvottaplön og á fráveitum frá atvinnustarfsemi þar sem hætta er á að mikið berist af sandi, salti eða moldarefnum í fráveitu.

Gripahús, eins og t.d. hesthús skulu hafa búnað á fráveitu er tryggir að hálmur, hefilspæmir, hey eða dýraskítur berist ekki í fráveitu.

Telji Fráveita Keflavíkurflugvallar eða skrifstofa yfirstjórnar Isavia ohf. á Keflavíkurflugvelli að losun frá tiltekinni atvinnustarfsemi skaði rekstur fráveitunnar er hægt að óska eftir aðkomu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sem metur, í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, hvort þörf sé á frekari mengunarvarnabúnaði og gerir kröfur í samræmi við það.

Ef mengunarvarnabúnaður er ekki til staðar, telst ekki fullnægjandi eða honum ekki rétt við haldið getur Fráveita Keflavíkurflugvallar krafði húseiganda um sannanlegan kostnað við hreinsun og viðhald fráveitulagna auk tækja og búnaðar, þ.m.t. í dælu- og hreinsistöðvum, sem rekja má til starfsemi í viðkomandi fasteign.

## 15. gr.

Í fráveitulagnir í húsgrunni og á lóð sem tengjast mengunarvarnabúnaði skal ekki fara annað fráveituvatn en mengunarvarnabúnaðurinn er gerður fyrir. Mengunarvarnabúnaði skal að öllu jöfnu komið fyrir þar sem auðvelt er að komast að honum til hreinsunar og viðhalds.

Á framkvæmdasvæðum húsbygginga og gatna skal húseigandi eða framkvæmdaraðili, eftir því sem við á, sjá til þess að jarðvegur, timburafgangar og annar byggingaúrgangur fari ekki inn í fráveitulagnir Keflavíkurflugvallar. Verði rekstraraðilar fráveitu fyrir kostnaði, sem rekja má til þess að eftir þessu hafi ekki verið farið, er hægt að krefja hlutaðeigandi aðila um greiðslu á sannanlegum kostnaði við hreinsun.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitulögnum Keflavíkurflugvallar flæði til baka um fráveitulagnir frá húseignum t.d. vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu, skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum á eigin kostnað.

## III. KAFLI

**Um fráveitu- og rotþróargjald.**

## 16. gr.

Á nýbyggingasvæðum er heimilt að innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslisheimæða frá lóðamörkum húseigenda að fráveitu á Keflavíkurflugvelli. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og skal Isavia ohf. láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í eldri byggð skal húseigandi greiða fyrir tengingu þessa samkvæmt útlögðum kostnaði Fráveitu Keflavíkurflugvallar.

## 17. gr.

Þær húseignir á svæði A á Keflavíkurflugvelli, sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum Keflavíkurflugvallar, skulu árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við rekstur fráveitu á Keflavíkurflugvelli.

## 18. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna.

## 19. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af skráðum eiganda húseigna eða annarra mannvirkja á leigulóðum og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið í sérstakri gjaldskrá sbr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem stjórn Isavia ohf. setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá innheimtast á sama hátt og önnur fasteignagjöld til Isavia ohf. Fráveitugjaldið er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár frá gjalddaga. Nýtur fráveitugjaldið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti á undan hvers konar samnings- og aðfararveði.

## 20. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem stjórn Isavia ohf. setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Miðað skal við að rotþró sé hreinsuð að jafnaði annað hvert ár og oftar ef þörf er talin á.

21. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum falli þau undir refsíákvæði hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Brot skulu sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

22. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 9. nóvember 2010.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

Íris Bjargmundsdóttir.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2010